

6. FUNDUR SAMSAMSTARFSNEFNDAR UM SAMEININGU Í A-HÚN

Mánudaginn 8. febrúar 2021, var fundur haldinn í Fellsborg á Skagaströnd kl. 17.

Mætt voru:

Frá Húnavatnshreppi: Jón Gíslason, Ragnhildur Haraldsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Þóra Sverrisdóttir.

Frá Skagaströnd: Halldór G. Ólafsson, Kristín Björk Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir.

Frá Blönduósbae: Guðmundur Haukur Jakobsson, Jón Örn Stefánsson og Valdimar O. Hermannsson

Frá Skagabyggð: Magnús Björnsson, Karen Helga R. Steinsdóttir og Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

Frá RR ráðgjöf: Róbert Ragnarsson og Ragnar Ágúst Róbertsson.

Jón Gíslason setti fundinn og stýrði dagskrá.

Ragnar Ágúst ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Verkefnis- og kostnaðaráætlun

Umræðu framhaldið frá síðasta fundi og ráðgjöfum falið að leggja fram tillögu á næsta fundi.

2. Minnisblöð starfshópa

Starfshópar hafa lokið störfum og skilað minnisblöðum sínum til samstarfsnefndar.

Markmið með vinnu starfshópa var að fá fram upplýsingar um stöðu og sjónarmið fyrir mótun framtíðarsýnar, og stuðla að auknum samskiptum milli starfsmanna og kjörinna fulltrúa. Niðurstöður vinnunnar verða m.a. nýttar til undirbúnings íbúafunda. Hver starfshópur ræddi tiltekna málaflokka og tók saman upplýsingar fyrir mat á stöðu málaflokksins og mögulega sýn til framtíðar í sameinuðu sveitarfélagi. Starfshóparnir greindu styrkleika og veikleika í viðkomandi málaflokki og þær ógnanir og tækifæri sem felast í mögulegri sameiningu.

Samstarfsnefnd vill þakka þeim sem tóku þátt í starfshópavinnunni fyrir vel unnin störf innan þröngs tímaramma. Afurðir vinnunnar eru afar mikilvægar fyrir sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu og mun nýtast hvort sem af sameiningu verður eða ekki.

Á fundinum var farið var yfir eftirfarandi minnisblöð og verður umræðu framhaldið á næsta fundi.

- Fræðslu- og félagsþjónusta
- Frístundir, menning og lýðheilsa
- Umhverfis, skipulags og byggingamál
- Stjórnskipulag og fjármál

Fram komu spurningar, ábendingar og athugasemdir og var ráðgjöfum falið að afla svara fyrir næsta fund.

3. Vefsvæði Húnavetnings

Tilboð frá Stefnu lagt fram og samþykkt. Ákveðið að ný vefsíða verði hýst á slóðinni hunvetningur.is

Ráðgjöfum var falið að flytja efni milli eldra vefsvæðis og þess nýja og koma öðrum gögnum á framfæri.

Ákveðið var að leita heimildar til að nota sýslumerki Austur-Húnavatnssýslu sem merki verkefnisins.

4. Næsti fundur

Ákveðið að næsti fundur verði haldinn í Félagsheimilinu Blönduósi þann 15. febrúar 2021 kl. 17. Markmið þess fundar er að ljúka umfjöllun um minnisblöð og í framhaldinu birta þau á hunvetningur.is Jafnframt verði fyrirkomulag íbúafunda ákveðið, og hvernig verður staðið að samráði við þingmenn og ráðherra um helstu hagsmunamál.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 19:30.